

Til Nefndasviðs Alþingis  
Alþingi 150 Reykjavík

Hvanneyri 5 janúar 2004.

### **Umsögn Náttúruverndarsamtaka Vesturlands**

Um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og frumvarp til laga um breytingu á skipulags og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Náttúruverndarsamtök Vesturlands telja að fyrirliggjandi frumvörp þjóni ekki hagsmunum náttúruverndar og telja þau því óheppileg í núverandi mynd. Ástæður eru m.a. þessar:

- Dregið er úr möguleikum almennings til að koma að matsferlinu sem er andstætt allri nútímahugsun í náttúruvernd. Ekki veitir af að aðkoma almennings sé rúm ekki síst í ljósi þess að umhverfis og náttúruverndarsamtök í landinu eru fá og veikburða.
- Óskiljanlegt er til hvers niðurstöður Umhverfisstofnunar á mati umhverfisáhrifa eru ef sveitrafélögum sem leyfisveitendum framkvæmda ber ekki að taka mið niðurstöðum matsins. Augljóst er að hér þarf að hugsa hlutina betur.
- Skilgreining á hugtakinu umtalsverð umhverfiáhrif hefur fallið út í MÁU frumvarpinu sem dregur mátt úr lögnum auk þess að gera þau ankanaleg með tilvísun til evrópsks umhverfisréttar þar sem “significant environmental impact” (umtalsverð umhverfisáhrif) er eitt grundvallarhugtaka. (sjá tilskipun nr.97/11/EB).

Fjöl margar aðrar athugasemdir má gera við frumvörp þessi en ofantaldar athugasemdir verða að teljast veigamestar. Þó má nefna fáein atriði til viðbótar:

- Hafa má áhyggjur af að opnað er fyrir hjáleiðir framhjá lögnum með skírskotun til “sérstakra undantekningartilfella”, “öryggis landsins” og “almannaheilla” sem bjóða heim hættu á að lokað verði á innsýn almennings í þessum “sérstöku undantekningartilfellum”. Þetta býður heim hættu á að náttúruverndarhagsmunum verði of auðveldlega fórnað fyrir aðra pólitíska hagsmuni.

Þá má benda á að stærðarviðmiðanir framkvæmda sem tilgreindar eru í viðauka 2 þyrfti að yfirfara betur og aðlaga betur íslenskum aðstæðum. Ekki er alltaf meginmunur á umhverfislýti af völdum stórrar raflínu en lítillar, stórrar yfirborðsvatnslagnar eða lítillar.

Ennfremur þyrfti að setja framkvæmdaraðilum ákveðinn tímafrest til að svara framkomnum umsögnum og athugasemdum við matsskýrslu, rétt eins og öðrum aðilum sem þátt taka í ferlinu. Benda má á að þeim sem gefa á færi á að setja fram athugasemdir við matsskýrslur, eða vinna álit (Umhverfisstofnun) er settur bagalega þröngur tímarammi.

Virðingarfyllt  
f.h. Náttúruverndarsamtaka Vesturlands  
Björn Þorsteinsson  
Túngata 13 Hvanneyri  
311 Borgarnes